

AUGLÝSING

um breyting á auglýsingu nr. 18, 5. febr. 1964 um breyting
á samþykkt Sjúkrasamlags Relykjavíkur, nr. 13, 26. sept. 1958.

1. gr.

Breyting á 11. gr. samþykktarinnar, 3., 4. og 5. mgr., 7. tölulið 11. gr., orðist svo:

Dagpeningar nema eftirfarandi grunnupphæðum að viðbætti verðlagsuppbót samkv. lögum, þó þannig að grunnupphæð með verðlagsuppbót skal jafnan hækkuð eða lækkuð í næstu heila krónu, þegar um fullorðna er að ræða, en í næstu hálfa krónu, þegar um börn er að ræða.

Fullir dagpeningar:

- | | |
|--|------------|
| a. Fyrir kvæntan mann, eða gifta konu, sem er aðalfyrirvinna heimilis | kr. 164.00 |
| b. Fyrir aðra | — 145.00 |
| c. Fyrir hvert barn á framfæri allt að þrem, þar með talin börn utan heimilis, sem umsækjandi sannanlega greiðir með, bætast við | — 19.00 |

Dagpeningar, þegar sá, er dagpeninga nýtur dvelst í sjúkrahúsi á kostnað samlagsins, en hefur ekki á heimili sínu fyrir öðrum að sjá:

- | | |
|---|---------|
| d. Fyrir einstakling | — 49.00 |
| e. Fyrir hvert barn, sbr. c-lið, bætast við | — 6.50 |

Dagpeningar, þegar sá, er dagpeninga nýtur dvelst í sjúkrahúsi og hefur á heimili sínu fyrir öðrum að sjá:

- | | |
|--|----------|
| f. Fyrir kvæntan mann eða gifta konu sbr. a-lið | — 110.00 |
| g. Fyrir aðra | — 97.00 |
| h. Fyrir hvert barn, allt að þrem sbr. c-lið, bætast við | — 13.00 |

Framangreind breyting á samþykkt Sjúkrasamlags Reykjavíkur staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 40, 30. apríl 1963, um almannatryggingar, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld auglýsing dags. 23. des. 1965, um sama efni.

Félagsmálaráðuneytið, 31. janúar 1969.

Eggert G. Þorsteinsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.